

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

24. febrúar 2003
Skjalanúmer: 110-0
Tilvísun: U20030200036/kg

Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 421. mál

Vísað er til erindis heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 30. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 421. mál. Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs. Umhverfisstofnun hefur m.a. það hlutverk að hafa yfirumsjón meða heilbrigðiseftirliti hér á landi, þ.m.t. með ástandi og merkingum matvæla.

Umhverfisstofnun fagnar tilkomu frumvarpsins og telur að í heild sinni sé frumvarpið ágætt þó að skerpa megi á nokkrum atriðum. Stofnunin leyfir sér að benda á að í frumvarpinu er lítil áhersla lögð á hreyfingu og mikilvægi hennar í góðri lýðheilsu. Ef takmarkið með stofnun Lýðheilsustöðvarinnar er að auka heilsu þjóðarinnar þá er nauðsynlegt að hafa tilgreint í lögnum hlutverk stöðvarinnar er varðar hreyfingu og líkamsrækt. Hreyfing og líkamsrækt eru órjúfanlegir þættir, sérstaklega á sviði næringar, en ekki síður á sviði tóbaks-, áfengis- og annarra vímuvarna. Rannsóknir hafa sýnt fram á að einstaklingar sem stunda venjubundna, stöðuga líkamsrækt af einhverjum toga eru greinri, eru síður líklegir til að reykja, drekka eða neyta annarra vímuefna miðað við þá sem ekki taka þátt í líkamsrækt. Því telur Umhverfisstofnun það mikilvægt að hlutverk Lýðheilsustofnunar verði að auka hreyfingu landsmanna.

Umhverfisstofnun bendir á að fjárveitingar til Manneldisráðs hafa ekki dugað fyrir þeirri starfsemi sem ráðinu hefur verið ætlað að vinna af hendi skv. lögum nr. 45/1978, um manneldisráð. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjárveitingar verði auknar til þessa þáttar starfseminnar.

Að lokum vekur Umhverfisstofnun athygli á að í 7., 8. og 9. gr. frumvarpsins er fjallað um efni sem snerta starfsemi stofnunarinnar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Stofnunin leggur því til að haft verði samráð við stofnunina við setningu reglugerða skv. framangreindum greinum.

Virðingarfyllst,

Sigurbjörg Gísladóttir
staðgengill forstjóra

Helgi Jensson
forstöðumaður